

76

Rís upp, mín sál

1. Rís upp, mín sál, að nýj - u nú og nýj - a lof - gjörð
 2. Ó, lof sé þér fyrir' lið - ið ár, þú lífs og náð - ar
 3. Þú einn varst traust og un - un mín, mín ein - a hlíf var
 4. Á nýj - u ár - i nýj - a þrá þín nýj - a líkn mér

byrj - a þú því nú er nýtt ár kom - ið, sjá,
 Drott - inn hár, þú æðst - i kær - leiks kraft - ur, sem
 gæsk - an þín, ég gekk í geymsl - u þinn - i og
 kveik - i hjá að þjón - a þér og hlýð - a, mitt

ný gjöf þér enn ný - veitt er, hið nýj - a - himn - a - blóm - ið.
 náð gafst mér svo nú ég er á nýtt ár kom - inn aft - ur.
 heill og ró þín hönd mér bjó og hugg - un sál - u minn - i.
 kall og stétt að rækj - a rétt og reyna' ef vilt hið stríð - a.

5. Þá æviárum hallar hér
 þitt hjálpráð, faðir, veittu mér
 og ending allra nauða.
 Gef orðið þitt sé athvarf mitt
 og yndi' í lífi' og dauða.

6. Ó, allt það gott sem gafst mér þú
 þín geymi máttug höndin nú
 og blessi mig og mína.
 Þitt auglit blítt um árið nýtt
 oss öllum láttu skína.